

## Fræðslu sem haldin hefur verið fyrir starfsfólk í málefnum fatlaðs fólks.

Nýttir eru allir þeir möguleikar sem eru fyrir hendi til að halda uppi góðri fræðslu með sem minnstum tilkostnaði. Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær og Mosfellsbær/Kjós hafa því haldið sameiginlega fræðslu en til viðbótar við það hefur Hafnarfjörður verið með fræðslu sem einungis er fyrir Hafnfirðinga.

Gefin er út námskeiðs áætlun fyrir haustönn og svo önnur fyrir vorönn.

Þarfagreining hefur verið unnin á eins til tveggja ára fresti, eftir þörfum. Þarfagreining var gerð vorið 2013 og notuð frá og með hausti 2013. Áætlunin var yfirfarin vor 2014 og bætt við einhverju. Nú er búið að vinna úr þeirri áætlun og þörf á nýrri. Ný áætlun er í vinnslu.

Dæmi – um fræðslu síðustu ár

Athugið .. ekki er um tæmandi lista að ræða.

- Nýliðanámskeið
  - Hafa verið tvö á ári. Annað í janúar og hitt í júní m.a. fyrir sumarstarfsmenn.
  - Skyldufræðsla fyrir starfsfólk
  - Markmið að kynna skipulag og vinnubrögð fyrir nýju starfsfólki starfsstöðva málefna fatlaðs fólks. Einnig að styrkja nýliða í starfi með fræðslu og umræðum um starfstengda þætti.
  - Efni: Að vinna með fólki - Hugmyndafræði, mannréttindi, lög og reglugerðir um málefni fatlaðs fólks. Vinnuaðstæður og stellingar. Hegðunarbætur. Réttindi og skyldur starfsmanna. Vinnustaðarmenning og mórall. Frásagnir notenda þjónustu.
- Krefjandi samskipti
  - Fjallað um helstu atriði er varða erfið og krefjandi samskipti við skjólstæðinga, aðstandendur og samstarfsaðila. Hvernig viðbrögð okkar sjálfra hafa áhrif á atburðarásina og hvernig má snúa neikvæðum samskiptum í jákvæð.
  - Farið yfir muninn á faglegum og ófaglegum leiðum í samskiptum, leiðbeiningar um hvernig má brynja sig gegn ágangi og neikvæðum athugasemdum og hvernig skal setja mörk í samskiptum. Þá verður einnig farið yfir aðferðir til að hafa stjórn á tilfinningum sínum.
  - Á námskeiðinu er jafnframt farið yfir lausnir vegna kvartana og óánægju þjónustuþega.
- Hegðunarerfiðleikar í vinnu með fötluðu fólki
  - Farið yfir hegðunarbætur, aðstæður og samhengi. Hegðunarbætur skilgreindur og gerð grein fyrir helstu hugmyndum um ástæður hegðunarbætur. Kynnt verða beinir og óbeinir áhrifavaldir sem viðhalda hegðunarbætur. Farið yfir hegðunarbætur, markmið og meðferð. Rætt verður um greiningu, markmið og mögulegar meðferðarleiðir.

- Varnarviðbrögð
  - Haldið fyrir starfsfólk í Hafnarfirði sem starfar þar sem hætt er á verða fyrir ofbeldi í vinnunni.
  - Starfsfólki kennt að bregðast við árás með þeim hætti að skaða ekki þann sem ræðst á starfsmanninn. Að vera með vitaður og kunna að bregðast við.
  
- Blátt áfram
  - Skyldufræðsla fyrir starfsfólk
  - Árið 2014 voru haldin fjögur námskeið árið til að ná að klára þann hóp sem fyrir var í störfum. En verður í framtíðinni fyrir nýtt starfsfólk.
  - Haldið eingöngu í Hafnarfirði.
  - Fræðsla um forvarnir og viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi. Haldið með aðeins breyttu sniði svo það henti einnig þeim sem starfa með fullorðnu fötluðu fólki.
  
- Kynlíf, ást og kynferðisleg misnotkun, (fræðsla/ hegðun)
  - Námskeið haldið í samstarfi við önnur sveitarfélög og annar vinkill en Blátt áfram námskeiðið.
  - Farið yfir það hvernig starfsfólk getur stutt við íbúa. Sjálfsefling íbúa.
  
- Skyndihjálp
  - Skyldufræðsla fyrir starfsfólk.
  - Er skipt niður í þrjú námskeið
  - Hluti nr. 1 þarf að taka sem fyrst eftir að fólk hefur störf, þó það sé á tímabundinni ráðningu. Haldin a.m.k. 2-3 slík á ári.
  - Hluti nr. 2 og 3 eru haldin 1x-2x á ári.
  - Skyndihjálp upprifjun er skylda að taka á tveggja ára fresti. Haldin eru upb. 2x á ári.
  
- Nauðung í starfi með fötluðu fólki.
  - Skyldufræðsla fyrir starfsfólk.
  - Árið 2014 voru haldin tvö slík námskeið með ólíkum áherslum. Annarsvegar fyrir almenna starfsmenn og svo sá hluti er snýr að forstöðumönnum.
  - Þátttakendur upplýstir um helstu lög og reglur vegna þvingunar og valdbeitingar, sjálfræði, fjárræði og rétt fólks. Þátttakendur viti hvernig er brugðist við þegar nauðung er beitt. Þátttakendur þekki vinnuferlið ef beita þarf þessum aðgerðum í neyðartilfellum. Þátttakendur kynnist skráningu á þvingun og valdbeitingu.
  
- Fræðsla um brunavarnir
  - Farið var í helstu atriði er varða brunavarnir og í lok fræðslu var æft að slökkva eld.
  
- Ég og starfið
  - Markmið námskeiðsins er að fjalla um árangursríkar leiðir í góðum og uppbyggilegum samskiptum sem skila sér í betra samstarfi og meiri starfsánægju.
  
- Næring, mataræði og hreyfing
  - Farið yfir mikilvægi, hreyfingar og holls mataræðis hjá „okkar“ þjónustunotendum.

- Líkamsbeiting
  - Að læra að beita líkamanum rétt við umönnun fatlaðs fólks. Til að minnka líkamlegt álag á starfsfólkið.
  - Að læra hvað þarf að hafa í huga hjá því fatlaða fólki sem við erum að vinna með til að koma í veg fyrir álag, meiðsli og slit hjá þeim sem geta ekki hreyft sig alveg sjálfir.
  - Notkun hjálpartækja o.s.frv.
- Samskipti og framkoma
  - Hvað þarf að hafa í huga bæði gagnvart starfsfólki og þeim sem við erum að styðja/þjónusta.
  - Mikilvægi þess að taka tillit. Margar ólíkar hliðar. Mikilvægi góðra samskipta. Setja sig í spor annarra o.s.frv.
- Samstarfsviðtöl
  - Fræðsla fyrir forstöðumenn í Hafnarfirði
- H3 vinnsla auglýsinga á heimasíðu Hafnarfjarðar
  - Fræðsla fyrir forstöðumenn í Hafnarfirði.
- Réttindagæslumaður fenginn til að kynna sín störf.
- Efling sjálfstrausts
- Öldrun og fötlun
- Öryggisnámskeið

Til viðbótar við þá fræðslu sem við höfum haldið utan um eru starfsmenn í BHM hvattir til að fara á tiltekna fræðslu sem á erindi til þeirra og tengist þeirra störfum. Einnig höfum við haft samband við þá sem stjórna fræðslu BHM og við óskað eftir tiltekinni fræðslu sem þörf er á skv. þarfagreiningu. Oft hafa þau námskeið verið það vinsæl að þau hafa fyllst það hratt að forstöðumenn hafa ekki náð að skrá sig á námskeiðið.

Dæmi frá BHM:

- Þjónandi forysta (Servant leadership): Leiðtoginn sem þjónn
  - Forstöðumenn hvattir til að nýta sér tiltekna fræðslu hjá BHM sem á erindi til þeirra
- Þjónandi forysta (Servant leadership): Vitund, samskipti og sköpun
- Þjónandi forysta (Servant leadership): Þjónandi stofnun – Auðmýkt
- Þjónandi forysta (Servant leadership): Nýsköpun og þekkingarstarfsmenn
- Þjónandi forysta (Servant leadership) : Framtíðarsýn og samfélagsleg ábyrgð
- Verkefnastjórnun I (tveir hlutar)
- Markþjálfun sem hjálpartæki fyrir stjórnendur
- Fullkominn dagur í vinnunni. Starfshvatning og markmiðsetning.
- Starfsmannasamtöl og frammistöðumat.

- Ertu á yfirsúning? Streita og kulnun komdu auga á einkennin